

REGLUR

24

7. marz

um skráningu og tilkynningu atvinnusjúkdóma.

1. gr.

Atvinnusjúkdómar eru sjúkdómar, sem eiga beint eða óbeint rætur að rekja til óhollustu í sambandi við atvinnu manna, hvort heldur er vegna eðlis atvinnunnar, tilhögunar vinnu eða aðbúnaðar á vinnustað. Einkum koma hér til greina bæklunar-, bilunar-, eitrunar- og ofnæmiskvillar. Með atvinnusjúkdómum skal telja áverka af völdum slysfara, sem tilhögun vinnu eða búnaði vinnustöðvar verður beinlínis um kennt, en ekki áverka af öðrum slysum, enda þótt þau verði við vinnu eða á vinnustað, og skiptir ekki máli, þótt slys verði metið bótaskyld að lögum.

2. gr.

Starfandi lækna (sjúkrahús) skulu senda hlutaðeigandi héraðslækni (í Reykjavík borgarlækni) tilkynningu um hvern sjúkling, er til þeirra leitar með atvinnusjúkdóm. Tilkynningu skal rita á eyðublað, er landlæknir lætur í té.

3. gr.

Þá er héraðslæknir (í Reykjavík borgarlæknir) fær vitneskju um atvinnusjúkdóm, skal hann kynna sér, eftir því sem tilefni er til, atvinnu hlutaðeiganda, tilhögun vinnu og aðbúnað á vinnustað og gera öryggiseftirliti ríkisins tafarlaust kunna niðurstöðu athugana sinna.

4. gr.

Héraðslæknir (í Reykjavík borgarlæknir) skulu senda landlækni, ásamt árskýrslu sinni, greinargerð um atvinnusjúkdóma, er þeir hafa fengið vitneskju um á liðnu ári. Skal þar m. a. greind atvinna sjúklings, eðli sjúkdóms og sjúkdómsorsök, eftir því sem næst verður komizt.

Reglur þessar eru settar samkvæmt ákvæðum 41. gr. laga nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. 6. gr. laga nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. marz 1956.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.